



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 5. júní 2024
24042789/003.01 SSF

Efni: Breytingar á persónuverndarstefnu.

Í 78. tl. og 2. mgr. 24. gr. reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins nr. 2016, sem leidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er mælt fyrir um að ábyrgðaraðili, eins og Kópavogsbær sem sveitarfélag, ætti að setja sér innri stefnu og innleiða ráðstafanir til að geta sýnt fram á að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar.

Í samræmi við þessa skyldu hefur Kópavogsbær hafti í gildi persónuverndarsamþykkt frá 13. nóvember 2018. Sú samþykkt var endurskoðuð og breytt þann 26. október 2021 og er nú komið að næstu endurskoðun stefnunnar.

Framlögð drög að breytingum á persónuverndarsamþykktinni eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar, breytingar til að auka skýrleika og til að færa stefnuna að því hvernig vinnslu er í raun og veru háttað. Fyrst ber að nefna að í samræmi við aðrar stefnur er lagt til að nafni skjalsins verði breytt úr því að vera Persónuverndarsamþykkt í Persónuverndarstefnu og er þetta í samræmi við orðalag tilvitnaðra lagaákvæða. Þar sem átak hefur verið gert í skilum deilda á vinnsluskrám til persónuverndarfulltrúa hefur betri yfirsýn náðst yfir vinnslur og er sérstöku ákvæði bætt við stefnuna um vinnsluskrár. Gerð er betri og skýrari grein fyrir heimildum sem sveitarfélagið byggir vinnslur sínar á og teknar út tvítekningar. Þá er ákvæði um ábyrgð á vinnslu breytt og gert ítarlegra og skýrara. Að lokum er lagt til að stefnan verði endurskoðuð á þriggja ára fresti líkt og framkvæmdin hefur verið.

Lög á sviði persónuverndar hafa ekki tekið neinum breytingum síðustu ár sem kallað hafa á breytingu stefnunnar og er því hér eins og áður segir fyrst og fremst um að ræða breytingar vegna orðalags og skýrleika.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarlögmanns

Steinn Sigríðar Finnbogason
Lögfræðingur